



Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ) kt. 490671-0139 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skolasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig MÍ uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

MÍ er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi MÍ þjóna því.

Einkunnarorð skólans: Metnaður, víðsýni, virðing og árangur. Þessi gildi hafa nemendur og starfsfólk skólans að leiðarljósi við vinnu sína. Á þeim grundvallast jafnframt markmið skólastarfsins.


Hlutverk, markmið og áherslur í starfi

Hlutverk MÍ er að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins og því er lögð rík áhersla á samstarf við stofnanir og fyrirtæki á heimaslöðum skólans. Boðið er upp á nám á verk- og starfsnámsbrautum, bóknám til stúdentsprófs og nám á starfsbraut fyrir fatlaða nemendur.

Í skólanum er stjórnin í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra og námskrárstjóra. Skipuritið skólans sýnir stjórnunarmynstur og skiptingu starfseminnar í þrjú meginvið ásamt helstu boðleiðum. Nefndir og teymi eru einnig sýnd og hvernig skipan þeirra er háttar.



Skipurit Menntaskólans á Ísafirði 2015-2016



3. Viðfangsefni

MÍ stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

Skólanámskrá er birt í heild sinni á heimasíðu skólans á slóðinni http://misa.is/skolinn/skrar_og_skjol/skra/302/ (27/4/2015). Jafnframt eru einstakir kaflar úr henni birtir viðar á heimasíðu skólans.

Eftirtaldar brautir hafa verið í boði mörg undanfarin ár og hafa hlotið samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis. Námsframboð er háð eftirspurn hverju sinni. Nánari lýsing á uppsetningu brauta er á heimasíðu skólans á slóðinni <http://misa.is/namid/brautir/> (27/4/2015):

- Almenn námsbraut (AN)
- Félagsví sindabraut (FÉ)
- Grunnám rafiðngreina (GR)
- Grunnnám bíliðna (GB)
- Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM)
- Grunnnám hár- og snyrtigreina (HG)
- Grunnnám matvæla- og veitingagreina (GMV)
- Grunnnám málmiðngreina (MG)
- Húsasmíði (HÚ8)
- Húsasmíði, samningsbundið iðnnám (HÚ9)
- Íþróttabraut, afreksíþróttakjörsvið (ÍÞ)
- Listnámsbraut, tónlistarkjörsvið (LN)
- Náttúruvísindabraut (NÁ)
- Samfélagstulkun (STÚ)
- Sjúkraliðabraut (SJ)
- Skipstjórn A (SA)
- Starfsbraut 1 og 2 (ST1)
- Starfsbraut 3 og 4 (ST3)
- Stálsmíði (SM8)
- Vélstjórnarbraut A (VVA)
- Vélstjórnarbraut B (VVB)
- Vélvirkjun, samningsbundið iðnnám (VS9)
- Viðskipta- og hagfræðibraut (VH)

b. Skólabragur

Skólareglur má finna á heimasíðu skólans: http://misa.is/skolinn/skrar_og_skjol/skra/233/ (27/4/2015).

Forvarnastefna skólans, markmið og leiðir til framkvæmda eru birtar á heimasíðu skólans: <http://misa.is/skolinn/forvarnarstefna/> (27/4/2015). Stjórnendur skólans eru í góðu sambandi við stjórn nemendafélagsins og félagsmálafulltrúi heldur reglulega fundi með þeim og leiðbeinir um félagsstörfin. Einnig er starfandi forvarnarfulltrúi við skólann, sem vinnur að því að framfylgja



forvarnarstefnu í samvinnu við nemendur og starfsfólks skólans.

Skólinn leitast við að upplýsa foreldra og forráðmenn nemenda um skólastarfið. Árlegur kynningarfundur fyrir foreldra og forráðamenn nýnema hefur í allmörð ár verið haldið við upphaf skólaársins. Foreldrafélag er starfandi við skólann og upplýsingar um það eru á heimasíðu skólans á slóðinni: <http://www.misa.is/skolinn/foreldrafelag/> (27/4/2015).

Fylgt er ákveðnum verklagsreglum þegar upp kemur grunur um einelti í skólanum. <http://www.misa.is/eineltisaetlun/> (27/4/2015). Nemendur geta skilað inn tilkynningu um einelti í gegnum rafrænt eyðublað á heimasíðu skólans:

http://www.misa.is/eineltisaetlun/tilkynning_um_grunur_um_einelti-ofbeldi/ (27/4/2015).

Við skólann er starfandi jafnréttisnefnd. Jafnréttisáætlun skólans er ætlað að stuðla að jafnri stöðu og virðingu karla og kvenna innan skólans og vinna gegn misrétti. Jafnréttisáætlunin er birt á heimasíðu skólans: http://www.misa.is/skolinn/skrar_og_skjol/skra/148/ (27/4/2015).

Skólanefndarfundir eru a.m.k. sex á skólaári. Skólaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði á starfstíma skólans. http://misa.is/skolinn/skolaneftnd_og_skolarad/ (27/4/2015).

Leitast er við að ársskýrsla skólans gefi góða mynd af skólabragnum og veiti upplýsingar um skólastarfið. Árskýrslur eru birtar á heimasíðu skólans: <http://misa.is/skolinn/arsskyrslur/> (27/4/2015).

c. Innritun og brottfall

Innritun nemenda hefst á svokölluðum valdegi sem er um miðja önn. Nýir nemendur eru innritaðir þegar umsóknarfresti á menntagátt er lokið. Nokkrir nemendur sækja alltaf um nám eftir að umsóknarfresti lýkur og eru þeir innritaðir ef pláss leyfir í hópum.

Inntökuskilyrði í MÍ

| | Íslenska | Stærðfræði | Enska |
|----------------------------|----------|------------|-------|
| Félagsvísbraut | 6 | 5 | 6 |
| Náttúruvísbraut | 6 | 6 | 5 |
| Verk- og starfsnámsbrautir | 5 | 5 | |
| Almenn námsbraut | | | |
| Starfsbraut | | | |

Brotthvarf er miðað við fjölda nemenda sem innritast í áfanga eftir töflubreytingar og þá sem eru skráðir í próf.

| Brottfall eininga (% eininga) 2013-V til 2014 - H | | | | |
|---|--------|--------|--------|--------|
| | 2013-V | 2013-H | 2014-V | 2014-H |
| Dagskóli | 5,2 | 4,9 | 8,2 | 10,6 |
| Fjarnám | | | | 41 |



d. Kennslufyrirkomulag

MÍ er fjölbautaskóli þar sem kennt er samkvæmt áfangakerfi. Skólinn leitast við að efla leiðsagnarmat í kennslu og draga úr vægi lokaprófa. Leiðsagnarmat hefur nú verið tekið upp í kennslu flestra áfanga í skólanum og lokapróf heyra til undantekninga. Skil milli kennsludaga og prófa verða alveg horfin skólaárið 2015-16 og í stað prófdaga eru námsmatsdagar í lok hverrar annar.

e. Nemendur með sérþarfir

Eftir kostum er reynt að koma til móts við nemendur með sértæka námserfiðleika með stuðningi kennara, fjölbreyttum kennsluháttum, sveigjanlegu námsmati, hljóðbókum, talgervlum, stuðningi í prófum, umsjón og námsráðgjöf. Frá 1997 hefur starfsbraut 1-2 verið starfrækt og frá 2010 bættist starfsbraut 3-4 við. Nemendur með annað móðurmál en íslensku fá ÍSA áfanga og ÍST áfanga ef með þarf. Nemendur sem koma í skólann án íslenskukunnáttu hafa fengið aðgengi að vinnustöðum til þess að komast betur inn í tungumálið og íslenskt samfélag. Í faggreinum fá þessir nemendur einstaklingsbundna aðstoð frá kennurum en þó takmarkaða og mismunandi eftir kennurum.

f. Mat og eftirlit með gæðum

Við MÍ er starfandi sjálfsmatsnefnd sem gerir áætlun um sjálfsmat skólans til þriggja ára í senn. Í áætluninni er greint frá sjálfsmatsaðferð skólans og þáttum sem koma til mats á hverju ári. Áætlunin er endurskoðuð árlega og einu ári bætt við þannig að ávallt séu þrjú ár undir.

Sjálfsmatskýrslu MÍ fyrir veturinn 2013-2014 ásamt sjálfsmatsáætlun næstu þriggja ára má finna á heimasiðu skólans á slóðinni <http://misa.is/skolinn/sjalfsmat/skra/300/> (27/4/2015). Síðast létt ráðuneyti taka út sjálfsmatsaðferðir MÍ veturinn 2007-2008 og skilaði nefndin skýrslu til skólans 18. apríl 2008.

4. Sérstök rekstrarverkefni

MÍ rekur heimavist fyrir nemendur sem búa utan Ísafjarðar. Mötuneyti er einnig starfrækt við skólann og þjónar það öllum nemendum og starfsfólk skólans.

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár eru sett fram. Jafnframt er gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

a. Markmið

Markmið MÍ eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt.

b.Tímabundin verkefni

Tímabundin verkefni MÍ styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst.



6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur MÍ. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglugundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

a. Menntaskólinn á Ísafirði

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykktá áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skyri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávika og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfíð.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendaþjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.




7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2019.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.



Mennta- og menningarmálaráðherra

Ísafjörði 11. júní 2015

Staður og dagsetning



Jón Reynir Ólafsson
Skólameistari